

Samskipta- og siðareglur

september 2020

1. Almenn atriði

Reglur þessar gilda fyrir starfsmenn sjóðsins og stjórn, bæði aðal- og varastjórnarmenn.

Reglurnar eru hluti af ráðningarsamningi starfsmanna. Með undirritun ráðningarsamnings skuldbindur starfsmaðurinn sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma.

Reglurnar koma til stuðnings öðrum reglum sjóðsins s.s. starfsreglum stjórnar, verklagsreglum um viðskipti stjórnar- og starfsmanna með fjármálagerninga, og reglum um hæfi lykilstarfsmanna.

Meginhlutverk Lífswerks er að taka á móti lífeyrisðgjöldum, ávaxta þau á ábyrgan hátt og stuðla þannig að lífsgæðum sjóðfélaga við töku lífeyris.

2. Markmið

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum og heiðarlegum starfsháttum og samskiptum, að viðhalda trausti sjóðfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðuleika sjóðsins og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu.

Þeim er ætlað að draga fram gildi sjóðsins, sem eru *heilindi*, *jákvæðni* og *ábyrgð* og stjórnarmenn og starfsmenn byggja á í sínum störfum:

Heilindi einkenna allt okkar starf, bæði innan sjóðsins og gagnvart sjóðfélögum. Það þýðir að við fylgjum reglum, erum hreinskilin og nýtum endurgjöf til að byggja hvert annað upp. Við gætum jafnræðis og virðum skoðanir hvers annars. Við leggjum áherslu á gagnsæi og heiðarleika í innri sem ytri upplýsingagjöf.

Jákvæðni birtist sjóðfélögum í þjónustulund. Við nálgumst áskoranir á jákvæðan hátt, sem gefur okkur drifkraft og frumkvæði til að leita nýrra leiða. Við horfum björtum augum til framtíðar og tileinkum okkur jákvætt viðmót. Við drögum lærdóm af því sem miður fer, erum dugleg að hrósa og hvetjum hvert annað til dáða þegar á móti blæs.

Ábyrgð þýðir að við leggjum okkur fram og stöndum við gefin loforð. Við öxlum ábyrgð í sameiningu á þeim mikilvægu verkefnum sem okkur eru falin. Leggjum okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinga, sýnum hverju öðru og sjóðfélögum trúnað og virðingu. Við sýnum ábyrgð gagnvart samfélaginu sem við störfum í.



3. Góðir starfshættir

Í samræmi við gildi sjóðsins skulu stjórn og starfsmenn sinna störfum sínum fyrir sjóðinn af heilindum, hafa jákvæðni að leiðarljósi í samskiptum við sjóðfélaga og eftirlitsaðila og skulu öll störf og athafnir miða að því að vera lífeyrissjóðnum og öllum sjóðfélögum til framdráttar.

Stjórn og starfsmenn gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir þeirra störfum, sem felst meðal annars í því að sinna þeim af fagmennsku, hafa umsjón með fjármunum sjóðsins með langtímasjónarmið að leiðarljósi, móta fjárfestingar- og áhættustefnu, beita áhættumeðvitaðri eignastýringu, velja þjónustuaðila og tryggja eftirfylgni með fjárfestingum sjóðsins.

Leitast skal við að dreifa innlendum verðbréfavíðskiptum sjóðsins með hlutabréf þannig að sjóðurinn eigi víðskipti við fleiri en eitt fjármálafyrirtæki og horfa skal til þess að stærsti hluti andvirðis víðskiptanna sé ekki hjá einum aðila til þess að stuðla að heilbrigðum víðskiptaháttum og koma í veg fyrir að einn aðili sé ráðandi í víðskiptum sjóðsins. Hið sama á við um víðskipti með innlend skuldabréf og önnur verðbréf eða sjóði. Stefnt skal að því að eiga góð og heilbrigð samskipti við marga þjónustuaðila á íslenskum fjármálamarkaði.

Stjórnar- og starfsmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra milli starfa þeirra fyrir lífeyrissjóðinn og annarra starfa, athafna eða tengsla við aðila. Stjórnar- eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

4. Þagnarskylda og meðferð trúnaðarupplýsinga

Stjórnar- og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt skal fara samkvæmt lögum og eðli máls. Stjórnar- eða starfsmenn eru ábyrgir fyrir því að gögn sem þeir taka við og fara skulu leynt komist ekki í hendur annarra. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.


5. Starfstengdar ferðir og boðsferðir

Stjórnar- og starfsmönnum sjóðsins er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum víðskiptavinum sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla þá sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða víðskiptum við sjóðinn.

Starfs- og stjórnarmenn þurfa eftir atvikum að sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar, eða annað sem skiptir sjóðinn máli, sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum og til þess fallnir að afla sjóðnum upplýsinga um víðskiptatækifæri eða valkosti í eignastýringu. Efni fundanna verður eftir atvikum að vera stutt gögnum sem eru til reiðu á fundunum. Skal gögnunum haldið til haga í minnst eitt ár. Lífeyrissjóðurinn skal bera kostnað vegna ferða og gistingar á slíka fundi.

6. Gjafir

Stjórn og starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum eða öðrum víðskiptavinum sjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast hófleg í slíkum tilvikum eða þegar um er



Handwritten signatures and initials in blue and red ink, including 'RHB', 'PSL', 'EHD', and 'SAS'.

að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn. Það sama á við um boð á menningar- eða íþóttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

7. Samfélagsleg ábyrgð

Sjóðurinn gerir sér far um að fjárfesta í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um heilbrigða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn hefur sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð.

8. Viðurlög

Við ráðningu skal kynna reglur þessar fyrir starfsmönnum. Stjórnarmönnum ber að kynna sér reglurnar.

Sé starfsmaður í vafa um hvort að ákvæði þessara reglna eigi við skal hann leita álits framkvæmdastjóra.

Stjórn gefur álit á því hvort að brot á samskipta- og siðareglum hafi átt sér stað meðal starfsmanna, en lögmaður sjóðsins gefur álit um mál er verðar stjórnarmenn. Brot á þessum reglum getur varðað áminningu eða uppsögn.

Samþykkt á stjórnarfundum 22. september 2020

Þorbjörgur Sæunn Leifsson

[Handwritten signature]

MARKEÐI AUNALÖTTI

Eva Hlin Devedsdóttir

[Handwritten signature]